

Námskeið fyrir ábyrgðarmenn og tæknimenn vegna notkunar lokaðra geislalinda í iðnaði

Námskeiðið er sérstaklega ætlað fyrir ábyrgðarmenn og tæknimenn lokaðra geislalinda sem notaðar eru í iðnaði sem hafa ekki komið áður á námskeið hjá Geislavarnir ríkisins.

Þetta námskeið var seinast haldið 21. mars 2017. Þeir ábyrgðarmenn/tæknimenn sem sóttu það þurfa ekki að mæta á þetta.

Geislavarnir ríkisins (GR) gera þá kröfu til allra ábyrgðarmanna og tæknimanna vegna notkunar lokaðra geislalinda, að þeir sækji námskeið stofnunarinnar og er það ein af þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja örugga notkun lindanna. Ábyrgðarmenn gegna því mikilvæga hlutverki að tryggja að öll notkun lindanna sé í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim.

Þá gera Geislavarna ríkisins (GR) einnig kröfu til þeirra sem annast uppsetningu, viðhald og viðgerðir á búnaði sem inniheldur lokaðar geislalindir, að þeir hafi viðeigandi þekkingu og reynslu og viðurkenningu frá stofnuninni. Til þess að hljóta viðurkenningu GR þurfa tæknimenn meðal annars að sækja námskeið GR.

Efni námskeiðsins:

Kynning á grundvallaratriðum geislavarna, leiðbeiningum Alþjóðageislavarnaráðsins (ICRP) og geislaeðlisfræði. Grundvallarhugtök og stærðir við mælingar á geislun. Íslenskt og alþjóðlegt lagaumhverfi um notkunar geislunar, kröfur til starfsmanna, skipulag gæðaeftirlits og gæðaeftirlitsmælingar

Ábyrgðarmenn og tæknimenn sem sótt hafa sambærilegt námskeið GR áður og vilja bæta þekkingu sína á þessu sviði geta einnig sótt námskeiðið.

Umsjón: Starfsmenn Geislavarna ríkisins

Dagsetning og tími:

Þriðjudagur 12. mars 2019, klukkan 10:00 til 15:30

Staðsetning: Reykjavík, **nánari staðsetning auglýst síðar.**

Námskeiðsgjald: 22.000 kr.

Skráning og dagskrá á: <https://gr.is/namskeid/> Skráning stendur til: **5. mars 2019**
